

## **Borgarlína og umferðaröryggi. VSÓ Ráðgjöf - október 2019.**

Tilgangur verkefnisins var að varpa ljósi á helstu þætti sem þarf að huga að við skipulagningu og hönnun Borgarlínu, með tilliti til umferðaröryggis. Skýrslunni er þannig ætlað að vera innlegg í upplýsta umræðu um Borgarlínu.

Við skipulagningu Borgarlínu er nú gert ráð fyrir að hún verði svokallað „Bus Rapid Transit“ kerfi (BRT). Í skýrslunni er farið yfir helstu atriði varðandi slík kerfi og hvaða lausnir koma til greina. Meðal þess sem fram kemur er að sú lausn að hafa sérrein sitt hvoru megin á götu er ekki talin viðunandi. Fremur ætti að vera sérrein á miðri götu, eða sérrein öðru megin þar sem vagnar aka í báðar áttir.

Reynsla og rannsóknir sýna almennt að hágæða almenningssamgöngukerfi eins og Borgarlína muni hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi, en í því sambandi skiptir uppbygging innviða megin máli. Því meiri forgang sem kerfum er veittur eykst umferðaröryggið og því mikilvægt að vagnar keyri á sérreinum eins og áður er nefnt og fram kemur að sérreinar á miðri götu sé talin besta lausnin í þessu sambandi.

Í skýrslunni er greint frá ýmsum lausnum og útfærslum hvað varðar þversnið, stoppistöðvar og gatnamót og greint frá mismunandi öryggi við mismunandi útfærslur. Þá er fjallað um gönguþveranir og göngu og hjólastíga tengt BRT kerfi og öryggisatriði er það varðar, en fram kemur að rúmlega 75% af farþegum kerfisins hjóla eða ganga að stoppistöðvum.

Í niðurstöðukafla skýrslunnar kemur m.a. fram að héraendis eru íbúar óvanir sérreinum, þar sem umferð er í báðar áttir. Ef sú lausn verður valin er því mikilvægt að setja upp auðlesanlegar merkingar til að fólk átti sig á því. Einnig er nefnt að þar sem BRT kerfi eru ný fyrir Íslendinga, geti það leitt til nýrra og ófyrirsjáanlegra áskorana í umferðaröryggi.